

Laxar Fiskeldi ehf.
Hlíðasmára 4
201 Kópavogur

Reykjavík, 2. nóvember 2021
UST202103-170/H.S.J.
08.12.02

Efni: Reglubundið eftirlit þann 02.09.21 hjá Loxum Fiskeldi ehf., Reyðarfirði, ytri.

Þann 2. september sl. fór fram eftirlit með sjókvíaeldi Laxa Fiskeldis, ytri staðsetningu Reyðarfirði. Í samræmi við 57. grein reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit sendist meðfylgjandi eftirlitsskýrsla.

Þrjár ábendingar voru gerðar í eftirlitinu en tvö frávik komu fram er varða:

- 1. gr. 1.2 í starfsleyfi.** Eldi rekstraraðila skal staðsett innan marka eldissvæða sem tilgreind eru í viðaukum með starfsleyfi. Bæði sjókvíar og akkeri eru utan þeirra svæða sem tilgreind eru í viðauka fyrir eldissvæðið Vattarnes.
- 2. 1. mgr. 14. gr. og 2. mgr. 40. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir.** Starfsleyfishafi skal upplýsa útgefanda starfsleyfis um fyrirhugaðar breytingar á starfsemi sem geta haft afleiðingar fyrir umhverfið, sem og að upplýsa eftirlitsaðila tafarlaust um það ef frávik verður frá starfsleyfisskilyrðum og grípa tafarlaust til nauðsynlegra ráðstafana. Fyrirhuguð breyting svæðis var ekki tilkynnt. Frávik vegna þess var ekki tilkynnt né gripið tafarlaust til þeirra ráðstafanna sem þurfti.

Umhverfisstofnun óskar í því sambandi eftir tímasettri áætlun um úrbætur á framangreindum atriðum í samræmi við 58. grein reglugerðar nr. 550/2018 og að áætlunin berist stofnuninni eigi síðar en 24. nóvember 2021

Virðingarfyllst

Hulda Soffía Jónasdóttir
sérfræðingur

Guðbjörg Stella Árnadóttir
sérfræðingur